

Iordachi o.fl. gegn Moldavíu

Dómur frá 10. febrúar 2009

Mál nr. 25198/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Símhleranir. Lagaheimild fyrir takmörkunum.

1. Málsatvik

Kærendur, Vitalie Iordachi, Vitalie Nagacevschi, Snejana Chitic, Victor Constantinov og Vlad Gribinecea, eru moldavískir ríkisborgarar, fæddir 1972, 1965, 1980, 1961 og 1980 og eru búsettir í Chisinau, höfuðborg Moldavíu. Kærendur eru félagar í samtökunum *Lögmenn með mannréttindum* sem sérhæfa sig í hagsmunagæslu fyrir einstaklinga sem fara með mál fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Kærendur telja að í ljósi núverandi löggjafar í Moldavíu sé raunhæf hætta á því að símtæki þeirra séu hleruð. Ástæða þess sé sú að þau hafa verið málsvavar í nokkrum málum gegn moldavíska ríkinu fyrir Mannréttindadómstólnum, og haft sigur, og þar með valdið ríkinu umtalsverðum skaða, bæði fjárhagslegum og líka á ímynd moldavíska ríkisins. Kærendur lögðu fyrir dómstólinn tölfræði frá innlendum dómstólum sem sýndi að 99,24% allra beiðna um að hlera símtæki á árinu 2007 hefðu verið samþykktar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur telja að 8. gr. sáttmálans hafi verið brotin þar sem raunhæf hætta sé á því að símtæki þeirra séu hleruð miðað við núverandi löggjöf í Moldavíu. Ennfremur telja kærendur að 13. gr. sáttmálans hafi verið brotin.

Niðurstaða

Moldavíska ríkið mótmælti því að kærendur gætu talist *þolendur* brots í skilningi sáttmálans þar sem fyrir lægi að símtöl þeirra hefðu ekki verið hleruð. Dómstóllinn taldi að ekki væri unnt að útiloka að leynilegu eftirliti, í formi símhlerana, hefði verið beint að kærendum, eða að kærendur væru í töluverðri hættu á að verða undir slíku eftirliti. Dómstóllinn taldi að tilvist gildandi löggjafar um símhleranir fæli í sér ákveðna ógn um að eftirliti yrði beitt, og að sú ógn beindist gegn frelsi símnotenda til samskipta sín á milli, og fæli því í sér inngríp í rétt kæranda til friðhelgi samskipta sinna. Kærendur voru því talin *þolendur* í skilningi sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að þau lög sem á reyndi kvæðu ekki skýrlega á um eðli þeirra afbrota eða flokka þeirra einstaklinga sem mætti hlera símtæki hjá. Ennfremur settu lögin engin skilyrði um tímamörk þess hversu lengi slík heimild gæti varað né væru þau skýr um hvað teldist rökstuddur grunur sem gæti réttlætt símhlerun. Eftir að símhlerunarheimild hefði verið veitt gegndu dómstólar veigalitlu hlutverki í eftirliti með notkun hennar. Þar að auki væru engar skýrar reglur um hlustun, varðveislu eða eyðslu gagna sem væri safnað með slíkum leynilegum hlerunum. Í ljósi þess að innlendir dómstólar hefðu heimilað nánast allar beiðnir um símhlerun sem yfirvöld hefðu farið fram á árið 2007 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að eftirlit í formi símhlerana væri ofnotað. Dómstóllinn taldi því að núgildandi lög veittu ekki viðhlítandi vörn gegn misbeitingu ríkisvalds. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 8. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Um 13. gr.: Þar sem 13. gr. sáttmálans yrði ekki túlkuð sem svo að í henni fælist réttur til almenns úrræðis til að vefengja gildandi löggjöf taldi dómstóllinn að 13. gr. sáttmálans hefði ekki verið brotin.

Kærendum voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar sameiginlega 3.500 evrur í málskostnað.